

Samningur

Mennta- og barnamálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og sveitarfélögin á Vestfjörðum, sbr. 2. gr., gera með sér svohljóðandi samning um fyrirhugaða viðbyggingu fyrir verknámsaðstöðu við Menntaskólann á Ísafirði. Samningurinn er gerður á grundvelli 47. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

1. gr.

Unnið er að gerð frumathugunar Framkvæmdasýslu ríkisins - Ríkiseigna þar sem miðað er við að á lóð skólans verði byggð 850 fm viðbygging.

2. gr.

Stofnkostnaður ofangreindra nýbygginga, þmt. undirbúningur og hönnun, skiptist þannig milli aðila að ríkissjóður greiðir 60% en sveitarfélögin á Vestfjörðum 40% sem skiptist skv. 3. mgr. greinar þessarar.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdarinnar án stofnbúnaðar er á bilinu 476,8 – 715,3 milljónir króna samkvæmt forathugun Framkvæmdasýslu ríkisins - Ríkiseigna, dags. 17. nóvember 2023, sbr. viðauki I, og er miðað við verðlag í október 2023. Óvissa á þessu stigi forathugunar er metin á bilinu +50% til - 30%, en heildarkostnaður mun ráðast af þeim tilboðum eða samningum sem gerðir verða um framkvæmdina.

Skipting kostnaðar og eignarhlutföll í nýbyggingum verða:

Ríkissjóður	60,000%
Bolungarvíkurkaupstaður	5,405%
Ísafjarðarbær	20,946%
Reykhólahreppur	1,312%
Tálknafjarðarhreppur	1,453%
Vesturbyggð	6,407%
Súðavíkurhreppur	1,274%
Árneshreppur	0,255%
Kaldrananeshreppur	0,629%
Strandabyggð	2,320%

3. gr.

Stjórnun og ábyrgð á undirbúningi verkefnisins skal vera hjá ráðuneytinu og Vestfjarðarstofu.

Stýrihópur, skipaður einum fulltrúa ráðuneytisins og einum fulltrúa Vestfjarðarstofu, skal sjá um undirbúning allra framkvæmdaþátta.

Stýrihópurinn tekur ákvarðanir um viðbætur og/eða frávik frá verksamningi ef þurfa þykir með hliðsjón af forsögn og fjárframlögum aðila. Raskist kostnaðar- og tímaáætlun verksins vegna vanáætlunar, verðlagsbreytinga eða af tæknilegum orsökum skal stýrihópur gera tillögur til ráðuneytisins og Vestfjarðarstofu um breytta greiðsluáætlun, í samræmi við 15. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

4. gr.

Þegar gögn vegna áætlunargerðar liggja fyrir skal leitað heimildar samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir og staðfestingar fjármála- og efnahagsráðuneytis til að hefja verklegar framkvæmdir í samræmi við ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001 sem og samþykki Vestfjarðarstofu.

5. gr.

Umsjón með verklegum framkvæmdum, þar með talin ábyrgð á framkvæmdareftirliti á verktíma, verður falin Framkvæmdasýslu ríkisins - Ríkiseigna. Áður en til framkvæmda kemur skal gera samning milli ráðuneytisins, sveitarfélaganna á Vestfjörðum, sbr. 2. gr., og Framkvæmdasýslu ríkisins – Ríkiseigna um fjármögnun verksins, greiðsluflæði, boðleiðir, samskipti, upplýsingagjöf og aðrar skyldur samningsaðila.

Aðilar samnings þessa eru sammála um að utanaðkomandi aðili sem allir samningsaðilar samþykkja rýni lokahönnun og endanlega kostnaðaráætlun verksins sem greiðist í samræmi við skiptingu stofnkostnaðar.

6. gr.

Um atriði framkvæmdarinnar sem ekki eru sérstaklega nefnd í samningi þessum, gilda eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla og laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Aðilar samnings þessa skulu á síðari stigum gera sérstakan samning um kostnaðarskiptingu vegna stofnbúnaðar þegar nákvæm kostnaðaráætlun liggur fyrir.

Af hálfu ráðuneytisins er samningur þessi gerður með fyrirvara um fjárveitingar frá Alþingi.

Af hálfu sveitarfélaganna sem eru aðilar samnings þessa er gerður fyrirvari um fjárveitingar í fjárhagsáætlun hvers árs.

7. gr.

Ef ekki næst samkomulag um kostnaðarskiptingu stofnbúnaðar skv. 6. gr. skuldbinda báðir samningsaðilar sig til þess að reyna að ná sátt um kostnaðarskiptingu með aðkomu óháðra aðila en ef það tekst ekki samþykkja báðir aðilar að leggja þann ágreining fyrir gerðardóm til úrlausnar.

Ísafirði, X. desember 2023

Ásmundur Einar Daðason
Mennta- og barnamálaráðherra

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
Fjármála- og efnahagsráðherra

Jón Páll Hreinsson
Bæjarstjóri
Bolungarvíkurkaupstaður

Anna Lára Jónsdóttir
Bæjarstjóri
Ísafjarðarbær

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
Sveitarstjóri
Reykhólahreppur

Ólafur Þór Ólafsson
Sveitarstjóri
Tálknafjarðarhreppur

Þórdís Sif Sigurðardóttir
Bæjarstjóri
Vesturbyggð

Bragi Þór Thoroddsen
Sveitarstjóri
Súðavíkurhreppur

Eva Sigurbjörnsdóttir
Oddviti
Árneshreppur

Finnur Ólafsson
Oddviti
Kaldrananeshreppur

Þorgeir Pálsson
Sveitarstjóri
Strandabyggð

Skólameistari
Menntaskólans á Ísafirði
Heiðrún Tryggvadóttir

Fylgiskjöl:

Viðauki I. Minnisblað Framkvæmdasýslu ríkisins - Ríkiseigna, dags. 17. nóvember 2023.